

Nd.

697. Nefndarálit

[265. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðla-banka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það var undir lok sumarþingsins 1974, 30. ágúst, að samþ. voru lög um ráðstafanir vegna gengis íslenskrar krónu. Í 2. gr. þessara laga, nr. 78/1974, var gert ráð fyrir að mynda sérstakan gengishagnaðarsjóð vegna fyrstu stórgengisfellingar þessarar ráðvilltu og fálmandi ríkisstjórnar, sem framkvæmt hefur hverja ráðstöfunina á fætur annarri sem áttu að tryggja afkomu útgerðarinnar, en hafa ekki orðið til þess, heldur þvert á móti.

Í greinargerð frv. var gert ráð fyrir að fénu skyldi ráðstafað til sjávarútvegsins með sérstökum lögum, sem fylgdu í kjölfarið og afgreidd voru síðari hluta desembermánaðar. En í 2. gr. frv., sem var aðalgrein frv., voru skýr ákvæði þess efnis, að áður en ráðstafað væri gengishagnaðarfé til sjávarútvegsins skyldi fyrst greiða af því þrennt. Í fyrsta lagi: hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar voru fyrir 1. sept. 1974 og ekki höfðu verið fluttar út fyrir gengisbreytinguna. Í öðru lagi: gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972. Og í þriðja lagi halla á olfusjóði fiskiskipa til 1. sept. 1974.

Með b-lið 2. gr. var með þessum lögum ákveðið að bæta gengistap Verðjöfnunarsjóðs af fé gengishagnaðarsjóðs og mörg og alvarleg orð höfð um það í umræðum af stjórnarliða hálfu hvílik nauðsyn hér væri á. En strax og lög höfðu verið sett um ráðstöfun gengishagnaðar voru þessi lög brotin, en fé það, sem renna átti samkv. þeim til Verðjöfnunarsjóðs, tekið í annað. Aðeins nokkrum vikum eftir samþykkt laganna eru ákvæði þeirra sniðgengin og þau brotin og 400 milljónum króna varið í annað í heimildarleysi, því að þá strax var ríkisstjórnin orðin annarrar skoðunar en fáum vikum áður — og skirrðist ekki við að brjóta nýsett lög til að framfylgja henni.

Þessi málsmeðferð er svo sem ekki það eina, sem ljóslega sýnir fram á fálmenndar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Hitt er svo annað mál, að líklega hafa ákvæði b-liðar 2. gr. ekki staðist án þess að breyta jafnframt lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins — og er þar auðvitað enn eitt dæmið um vanhugsuð viðbrögð og ruglingslegar stjórnarathafnir.

En það er fyrst nú, í lok þessa þings, sem leiðrétt á þessi mistök. Það er á síðustu dögum þingsins sem stjórnin viðurkennir ranga málsmeðferð og í ljós kemur af hennar eigin athugasemdum við stjórnarfrumvarp, að gengið var visvitandi móti nýsettum lögum.

Það hefur komið í ljós að gengisfellingar ríkisstjórnarinnar hafa skapað útgerðinni meiri vanda en þær hafa leyst. Ríkisstjórnin hefur hingað til skellt skollacyrunum við öllum ábendingum stjórnarandstöðunnar, hvernig bregðast skyldi við þeim vanda, sem við var að fást. Hún ber þess vegna ein ábyrgð á röngum aðferðum, sem hún hefur beitt við lausn vandamála útgerðarinnar, og þess vegna á því hvernig málum er nú komið.

Ríkisstjórnin ber einnig ábyrgð á þeim mistökum og lögbrotum, sem þetta frumvarp er sprottið af, og þess vegna hefur minni hl. sjávarútvegsnefndar fyrirvara um afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 12. maí 1975.

Garðar Sigurðsson,  
frsm.

Sighv. Björgvinsson.